



Borgarráð

Sjálfstætt starfandi leikskólar og grunnskólar í Reykjavíkurborg

Lagt er til við borgarráð að skipaður verði starfshópur á vegum Reykjavíkurborgar sem fái það verkefni að móta drög að stefnu og tillögum um aðkomu Reykjavíkurborgar þegar kemur að sjálfstætt starfandi leikskólum og grunnskólum þar sem horft verði til þjónustusamninga, framlaga, húsnæðismála, stofnstyrkja, leigusamninga sem og annarra þátta sem máli kunna að skipta í þessu samhengi.

Greinargerð:

Grunnskólalögin og leikskólalögin kveða ekki með bindandi hætti á um skyldu sveitarfélaganna til að eiga og reka alla grunnskóla sjálf. Þau veita jafnframt heimild fyrir sjálfstætt reknum leikskólum og grunnskólum með samþykki viðkomandi sveitarstjórnar og þjónustusamnings við sveitarfélagið þar sem starfsemin og rammi hennar er útfærður. Reykjavíkurborg er með þjónustusamninga við 17 sjálfstætt starfandi leikskóla og 6 sjálfstætt starfandi grunnskóla. Starfsemi þeirra tekur m.a. mið af reglugerð nr. 1150/2018 um sjálfstætt rekna skóla, reglur Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla sem byggja á lögum um leikskóla nr. 90/2008, samþykkt um framlag til sjálfstætt starfandi grunnskóla vegna reykvískra nemenda sem stunda þar nám og lögum um grunnskóla nr. 91/2008.

Fyrir liggur að sjálfstætt starfandi leikskólar og grunnskólar hafa leitað til Reykjavíkurborgar með formleg erindi um aukna kostnaðarpátttöku borgarinnar í byggingu skólahúsnæðis, um aukið fjárframlag miðað við gildandi þjónustusamninga og um framtíð einstakra grunn- og leikskóla. Þess vegna er mikilvægt að Reykjavíkurborg móti sér stefnu um heildstæða nálgun um starfsemi sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla.

Því er lagt til að skipaður verði starfshópur með formlegu erindisbréfi með sérfræðingum Reykjavíkurborgar til að móta drög að stefnu og tillögum um aðkomu Reykjavíkurborgar, með aðkomu fulltrúa sjálfstætt starfandi leikskóla og grunnskóla, þar sem jafnræði og gegnsæi er haft að leiðarljósi þegar kemur að aðkomu og framlögum Reykjavíkurborgar.

Dagur B. Eggertsson